

Skógarljóð og myndir

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemendur geri sér grein fyrir að náttúran geti veitt fólki innblástur, svo sem í ljóðagerð og myndsköpun. Vinni með orðflokka, greiningu á efni og sköpun. Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: Myndmennt, íslenska, ljóð og náttúrufræði.

Aldur: Öll aldursstig.



VERKLÝSING

Nemendur fara í haustferð í skóginn með kennurum og skoða skóginn og lífverur hans. Þeir teikna tré og taka sýnishorn af ýmsu tagi, t.d. er hægt að safna fræi til að sá að vori, taka jurtir og sýnishorn af trjám til að setja í safnbók með upplýsingum sem þeir finna á neti eða í bókum. Nemendur safna orðum sem tengjast skóginum og umhverfinu í skógarferðinni. Orðin eru síðan flokkuð heima í stofu og unnið með þau frekar þar t.d. í ljóðagerðinni.

Að lokinni grunnvinnu eru samin ljóð/tígulljóð um skóginn og lífverurnar í skóginum eða upplifun nemanda af skógarferðinni. Ljóðið er síðan útfært í myndform í samvinnu við myndmenntakennara. Samþætting myndmenntar, náttúrufræði og íslensku.

Ef unnið er með yngri nemendur er hægt að semja sameiginlegt ljóð um reynsluna og hver og einn vinnur síðan sína eigin mynd. Hægt er að útfæra þetta lengra með nemendum eftir því sem þeir eru eldri.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Stílabækur, skriffæri, endurunnin pappír, silkipappír, pastellitir eða aðrir litir.

Mappan Náttúruverkefni, náttúruljóð bls. 53, málfræði og myndir af netinu.